

Umsókn um styrk frá lista- og menningarsjóði Kópavogs

Ef sá sem skráði sig inn ætlar ekki að vera umsækjandinn, heldur ætlar að senda inn umsókn í nafni félags / hóps / kórs e.þ.h.,hakið þá við JÁ.Við það hreinsast út upplýsingar um þann innskráða í kaflanum hér að neðan og í staðinn er skráð nafn, kennitala og aðrar upplýsingar varðandi hinn raunverulega umsækjanda (félagsskapinn).Þessi aðferð er notuð ef félag / hópur / kór hefur ekki rafrænt skilríki í síma eða Íslykil, á sinni kennitölu, til að skrá sig inn með.

Já = verið er að sækja um fyrir þriðja aðila (félag/ hóp/ kór eða einstakling)

☐

Umsækjandi

Nafn	Kennitala
Kristín Lárusdóttir	2004754299
Lögheimili	Póstnúmer
Furugrund 77	200
Símanúmer	Tölvupóstur
6965719	sellostina@gmail.com
Styrkupphæð sem sótt er um	
1000000	

Skráð hér hver er forsvarsmaður félags / hóps / kórs

Nafn	Kennitala
Kristín Lárusdóttir	2004754299
Símanúmer	Tölvupóstur
6965719	sellostina@gmail.com

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

Tílefni og tilgangur umsóknar

Skrifið stutta greinargerð sem má birtast opinberlega

Kristín sækir innblástur í íslenskan tónlistararf og íslenska náttúru, hún spilar á selló og kveður í bland við ýmis rafhljóð.

Hvernig tengist viðburðurinn menningarstefnu Kópavogs?

„Hlúa að lífsgæðum fólks með því að miðla og hlúa að tónlist, náttúru og íslenskum arfi“

Umsókn mín er tvíþætt. Annars vegar langar mig að halda tónleika í október/nóvember 2025 í Salnum í Kópavogi til að fagna 50 ára afmælisári. Hins vegar langar mig að halda námskeið fyrir börn og útlendinga í ágúst 2025. Efnistöð námskeiðanna væru í anda tónleikanna Tónlist, náttúra og íslenskur arfur.

Vert er að geta þess að tiltekni Kársnessormur (sjá í liðnum „Lýsing á verkefni“) er að öllum líkindum kominn undir landfyllingu, sennilega þar sem að lónið er núna. Efnahagsleg framþróun er ekki ávallt jákvætt í mínum huga. Þar er ég ekki í takt við menningarstefnu Kópavogs, það ætti þó ekki að rýra mína umsókn. Þvert á móti er hollt fyrir Kópavogsbæ að fá gagnrýna hugsun inn í menninguna, samtal í gegn um tóna og kærleika með von um bætt lífsgæði allra og samhug. Lífsgæði manna er alfarið háð fallegum samhljómi við dýr og náttúru. Nægjusemi, virðing, kærleikur, samhugur, samvera og kyrrð eru mikilvægir þættir sem þarf að hlúa að og rækta með sér. Alla þessa þætti er hægt að rækta og hlúa að í gegn um tónlist, náttúru og íslenskan arf.

Þjónar viðburðurinn ákveðnu hverfi? Ef já, hvaða hverfi?

Öllum.

Þjónar viðburðurinn ákveðnum markhópi. Ef já, hvaða markhópi?

Börn og útlendingar.

Hvernig hyggst þú kynna og auglýsa viðburðinn.

Ég kynni ávallt mína viðburði á fjölbreyttan og öflugan hátt. Youtube-rásin mín er í stöðugri uppbyggingu og hefur mikið að segja varðandi stöðuga fylgjendur og til að sýna með lifandi hætti hver ég er og hvað ég geri, bæði með tónlistarmyndböndum og litlum myndbrotum um mitt daglega tónlistarlíf. Heimasíðan mín er í endurnýjun. Ég nýti Instagram og Fésbókina mikið. Ég sendi ávallt á alla fjölmiðla til að komast í blöðin og útvarpið, og þar hefur útvarpið verið mér mikilvægur þáttur. Einnig finn ég hvað veggspjöldin skipta líka miklu máli og það að byrja að kynna viðburðina nógu tímanlega. Ég sendi einnig tölvupóst á vini og kunningja.

Lýsing á verkefninu sem sótt er um styrk til

Umsækjendur verða að sýna fram á gildi þess verkefnis sem sótt er um og getu til að hrinda verkefninu í framkvæmd

„Tónlist, náttúra og íslenskur arfur“

Gildi verkefnanna: Í gegn um tónlist, náttúru og íslenskan arf hlúum við að og ræktum mikilvæga þætti eins og nægjusemi, virðingu, kærleika, samhug, samveru og kyrrð . Ég hef sýnt það og sannað að ég er öflugur og góður tónlistarmaður og kennari og víla ekki fyrir mér að hrinda stórum sem og smáum verkefnum í framkvæmd. Arnar Eggert talar um mikilvægt gildi þess sem ég er að gera með íslenska arfinn: <https://arnareggert.is/plotudomur-kristin-larusdottir-kria/>

Umsókn mín er tvíþætt. Annars vegar langar mig að halda tónleika í október/nóvember 2025 í Salnum í Kópavogi til að fagna 50 ára afmælisári. Hins vegar langar mig að halda námskeið fyrir börn og útlendinga í ágúst 2025. Efnistöð námskeiðanna væru í anda tónleikanna Tónlist, náttúra og íslenskur arfur.

Varðandi tónleikana hygg ég í grunninn vinna út frá þremur dularfullum fyrirbærum tengdum Kópavogi. Hugmyndin kviknaði þegar ég heyrði viðtal við Svein Ólafsson á Snælandi um draugagang sem hann upplifði hér í Kópavogi á árum áður (ismus.is SÁM 88/1670 EF). Í framhaldi af því kom svo hugmyndin um fleiri dularfull fyrirbæri í Kópavogi, álfana og álfhólinn ásamt orminum sem lá á gulli og bjó skammt undan ysta odda Kársness (ismus.is SÁM 88/1693 EF). Verkið hygg ég hafa í quadraphonic. Í tónsköpun minni sæki ég innblástur í íslenskan tónlistararf og íslenska náttúru. Ég spila á selló og kveð í bland við ýmis rafhljóð. Tónlistin er allt frá því að vera lagræn yfir í tilraunakennda raftónlist.

Námskeiðið „rímur og rúsínur“ væri fyrir börn á öllum aldri, þar myndi ég kenna íslenskan rímnasöng og vísur um mófuglana okkar, dýrin almennt og náttúru. Einnig myndu krakkarnir læra rímur og vísur um frægar hetjur, víkingabardaga og önnur ævintýri, þar munu konurnar ekki láta sitt eftir liggja eins og Látra-Björg formaður. Að auki færum við í tónlistarleiki, vikivakinn stiginn og krakkarnir myndu kynnast íslenska langspilinu. Hitt námskeiðið væri fyrir fullorðna útlendinga „Syngur lóa“ þar sem þeim gæfist tækifæri á að læra og þjálfra íslenska tungu á lifandi og skemmtilegan hátt í gegn um íslenskan kveðskap, vikivaka og leiki. Í grunninn yrði efni námskeiðanna tvegga mjög líkt. Námskeiðin gætu verið 1-2 klst. á virkum dögum í 1-2 vikur í ágúst.

Frá tónleikum: https://www.youtube.com/watch?v=y_gL-VF56gs

Áætluð verkefni á árinu, heiti og staðsetning

Tilgreinið eigin fjármögnun og styrki eða framlög frá öðrum ef um slíkt er að ræða og leggið fram gögn því til staðfestingar

- Lýsing á verkefninu sem sótt er um styrk til
- Gildi verkefnisins og getu til að hrinda því í framkvæmd
- Eigin fjármögnun og upplýsingar um styrki eða framlög frá öðrum ef um slíkt er að ræða og leggja fram gögn því til staðfestingar
- Kostnaðaráætlun
- Aðrar upplýsingar sem umsækjandi vill taka fram

gögn 1

To_nleikar með hljóðkerfi 2024.pdf

To_nleikar með hljóðkerfi 2024.pdf

gögn 2

Fjárhagsáætlun Ko_p.25.pdf

Fja_rhagsa_aetlun Ko_p.25.pdf

gögn 3

Kria-cover-digital-3000x3000px.jpeg

gögn 4

gögn 5

Staðfesting umsóknar

- ☐ Ég staðfesti hér með að allar upplýsingar sem ég veiti í sambandi við þessa umsókn eru réttar og gefnar eftir bestu vitund.

Hver einstaklingur / félag / hópur / kór e.þ.h. sem hlýtur styrk, þarf að senda greinargerð á menning@kopavogur.is fyrir árslok þar sem fram koma upplýsingar um árangur verkefnisins eða starfsins og hvernig styrknum hefur verið ráðstafað.

Um umsóknina

Staðfestingarnúmer: 106356 **Staðfestingarmáti:** Rafræn skilríki í farsíma **Dagsetning:** 16.2.2025 15:15:23